

26. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun, svo og með vísan til 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993, um lagagildi samningsins hér á landi.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. maí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

5. maí 2000

Nr. 348

REGLUGERÐ

**um (11.) breytingu á reglugerð nr. 16/1986
um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.**

1. gr.

Eftirfarandi efnum skal bætt við lista í fylgiskjali I með reglugerðinni eftir stafrófsröð:

Efni INN-nafn latneskt	Alþjóða- samningar N-1961, P- 1971, Fsk I-IV	Inn-/útfll.leyfis krafist	Óheimilt sbr. 2. gr laga um ávana-og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Dihydroetorphinum	NI	x	B	
Dronabinol	PII	x	B	
Etilamphetaminum	PIV	x		
Methadonum	NI	x		
Remifentanilum	NI	x		

2. gr.

Breytingar skulu gerðar á merkingum við eftirfarandi efni þannig að þær verði sem hér segir:

Efni INN-nafn latneskt	Alþjóða- samningar N-1961, P- 1971, Fsk I-IV	Inn-/útfll.leyfis krafist	Óheimilt sbr. 2. gr laga um ávana-og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Acetorphinum	NI+IV	x	B	
Cocainum	NI+III	x	B	8)
Dextropropoxyphenum	NI+III	x		4)
Difenoxinum	NI+III	x		5)
Etorphinum	NI+IV	x	B	
Etryptaminum	PI	x	B	
Fenetyllinum	PII	x	B	
Ketobemidonum (var Cetobemidonum)	NI+IV	x	B	
LSD, LSD-25 sjá Lysergidum (var) LDS sjá Lysergidum	PI	x	B	
Methylenedioxyamphetaminum (MDA) (tenamphetaminum)	PI	x	B	
Mecloqualonum	PII	x	B	

Efni INN-nafn latneskt	Alþjóða- samningar N-1961, P- 1971, Fsk I-IV	Inn-/útfll.leyfis kraftist	Óheimilt sbr. 2. gr laga um ávana-og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Methaqualonum	PII	x	B	9(3,75g)
4-Methylaminorex	PI	x	B	
Methcathinone	PI	x	B	
Methyprylonum (var methyptylonum)	PIV			5)
N-ethyl-MDA	PI	x	B	
N-hydroxy-MDA	PI	x	B	
Opium	NI+III	x		
Propiramum	NI+III	x		
Secobarbitalum	PII	x	B	9(3g)
Zipeprol	PII	x	B	

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 2. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 5. maí 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 349

3. maí 2000

AUGLÝSING

um reglu Reikningsskilaráðs um reglulega og óreglulega rekstrarliði.

1. *Fyrirtæki skulu skýra frá hagnaði eða tapi af reglulegum rekstri, áhrifum óreglulegra rekstrarliða, aflagðs rekstrarþáttar, skekkja og mats- og reglubreytinga í samræmi við reglur þessar.*

2. Samkvæmt lögum um ársreikninga og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra um framsetningu ársreikninga er rík áhersla lögð á að árangur fyrirtækja af reglulegum rekstri komi fram í rekstrarreikningi. Með hliðsjón af því að lesendur reikningsskila líta m.a. til þeirra sem tækis til þess að meta framtíðarrekstur fyrirtækis er eðlilegast að hugtakið reglulegur rekstur taki til afkomu sem ætla má að verði á næsta reikningstímabili að óbreyttum rekstrarskilyrðum. Af þessum sökum er þýðingarmikið fyrir lesendur reikningsskila að áhrif óreglulegra rekstrarliða, aflagðs rekstrarþáttar, skekkja, sem og áhrif mats- og reglubreytinga séu einangruð frá reglulegum og áframhaldandi rekstri og ítarlegar skýringar fylgi.

Skilgreiningar.

3. *Helstu hugtök sem fyrir koma í þessum reglum eru eftirfarandi:*

Reikningsskilaaðferðir eru aðferðir sem fyrirtæki beitir á grundvelli fyrirsmæla laga eða venja. *Regluleg rekstrarstarfsemi* tekur til viðskipta sem varða áframhaldandi meginstarfsemi fyrirtækis og tekna og gjalda sem henni tengjast.

Óreglulegir rekstrarliðir eru tekju- og gjaldaliðir sem varða viðskipti eða atburði sem ekki tengjast áframhaldandi og reglulegum rekstri fyrirtækis. Samkvæmt því er ekki gert ráð fyrir að þessir tekju- og gjaldaliðir endurtaki sig í bráð eða lengd.